

Samþykktir Félags doktorsnema á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

1.gr.

Félagið heitir Seigla, Félag doktorsnema á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunamálum doktorsnema á Félagsvísindasviði og miðlun upplýsinga til þeirra auk þess að tilnefna fulltrúa doktorsnema í ráð og nefndir sviðsins. Félagið mun hvetja til samvinnu og samstarfs og skipuleggja faglega og félagslega viðburði fyrir félagsmenn.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að halda reglulega fundi þar sem stjórn (og aðrir félagsmenn þegar við á) ræða hvernig hagsmunamálum félagsmanna sé best framfylgt og taki í framhaldinu ákvarðanir um hvernig vinna megi að þeim í anda samvinnu og samstarfs við hlutaðeigandi hverju sinni.

5. gr.

Félagsaðild. Allir skráðir doktorsnemar á Félagsvísindasviði eiga rétt á inngöngu í félagið með skráningu þar að lútandi.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur á aðalfundi.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. febrúar ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

8.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-5 doktorsnemunum á Félagsvísindasviði og leitast skal við að stjórn endurspegli breidd sviðsins. Formaður félagsins er kosinn á aðalfundi en auk hans eru kosnir 2-4

doktorsnemar í stjórn og skipta meðstjórnendur með sér verkum, þ.e. ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Stjórnin er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda og hlutverk hennar er að koma fram fyrir hönd félagsins, boða til funda þegar ástæða þykir til og hafa frumkvæði að því að samþykktum félagsins sé framfylgt. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Ágreiningsmálum innan stjórnar er vísað til félagsfundar.

9.gr.

Engin félagsgjöld eru innheimt af félagsmönnum en félagið fjármagnar starfsemi sína með styrkjum frá Stúdentasjóði Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

10. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið beint til verkefna félagsins, svo sem faglegra viðburða eða skemmtana.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

Lög þessi voru samþykkt á aukaaðalfundi félagsins 11. september 2014